

FJÁR1FD05

Búið til: Tue, 03 Jun 2014 00:12:38 GMT

Titill

Fjármálalæsi daglegs lífs

Skammstöfun

FJÁR1FD05

Útgáfunúmer

1

Námsgrein

fjármálalæsi

Viðfangsefni

Fjármálalæsi daglegs lífs

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum er stefnt að því að gera nemendur meðvitaða um fjármál, peninga og hlutverk þeirra í daglegu lífi. Farið er í laun og frádrátt og hvert hann fer, rekstur heimilis og bíls, notkun greiðslukorta, gengi og gjaldeyri og fleira sem snertir fjárhagslegar skuldbindingar sem nemendur þurfa að takast á hendur. Einnig verður farið í heimilisbókhald og mikilvægi þess að halda utan um tekjur og gjöld. Fjölbreyttar kennsluaðferðir eru notaðar í áfanganum svo sem leikir, umræður og verkefnavinna, bæði einstaklings- og hópa. Markmið áfangans er að gera nemendur sjálfbjarga í raunverulegum aðstæðum.

Forkröfur

Engar

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- einföldum fjármálum daglegs lífs
- lestri launaseðla og annarra fjármálatengdra skjala
- tilgangi skatta og annars frádráttar
- rekstri heimilis og bifreiðar

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- reikna gróflega útborgun launa eftir skatt
- gera sér grein fyrir daglegum kostnaði, t.d. fæði og húsnæði)
- leita sér upplýsinga sem aðstoðar þá við nauðsynlega útreikninga

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sér grein fyrir mikilvægi peninga
- skilja tilgang skatta og gjalda og hvernig þeir nýtast okkur
- skilja mikilvægi þess að tekjur séu hærri en gjöld

- tileinki sér ábyrgð á eigin fjármálum og átti sig á að tekjur og gjöld verða að standast á ...sem er metið með... umræðum og verkefnum

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar**Fyrirmynd**